

ÁRSSKÝRSLA 2017



ORKUBÚ VESTFJARÐA

40. STARFSÁR



Öndarfjörður

ÁRSSKÝRSLA 2017



ORKUBÚ VESTFJARÐA

40. STARFSÁR

EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnskipulag	3
Formáli	4
Ávarp stjórnarformanns	6
Helstu framkvæmdir ársins 2017	8
Helstu framkvæmdir ársins 2018	9
Íbúafjöldi á orkuveitusvæði OV	10

Ársreikningur 11-27

Rekstrartruflanir 2017	28
Raforkukerfi Vestfjarða	30
Díselstöðvar	31
Vatnsaflsvirkjanir	32
Kyndistöðvar	33
Orkuöflun	34
Orkudreifing	35
Lykiltölur úr dreifikerfi	37

Forsíðumynd: Mjóafjarðarlína. Ljóssm.: Þorsteinn Bragason

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun og umbrot: JHprent (Jón H. Engilbertsson)




Jakob og Birgir Örn í Sellátralínu við Pollinn

Formaður: Viðar Helgason
Varaformaður: Viktoría Rán Ólafsdóttir
Ritari: Daníel Jakobsson
Halla Signý Kristjánsdóttir
Guðrún Anna Finnbogadóttir

Varamenn: Ragnheiður Hákonardóttir
Steinþór Bjarni Kristjánsson
Kristinn Hjörtur Jónasson
Magni Hreinn Jónsson
Óskar Albert Torfason

Skipurit Orkubús Vestfjarða ohf.



FORMÁLI



Elías Jónatansson

40 ára starfsafmæli

Orkubú Vestfjarða tók formlega til starfa þann 1. janúar 1978 og átti því 40 ára starfsafmæli þann 1. janúar. Stofnsamningur félagsins var undirritaður þann 26. ágúst 1977.

Orkubúið var í upphafi sameignarfélag þar sem sveitarfélögin á Vestfjörðum áttu 60% en ríkið 40%. Eignarhaldi sveitarfélaganna var skipt í hlutfalli við íbúatölu. Sveitarfélögin lögðu inn eignir rafveitna í þeirra eigu ásamt rétti til virkunar vatnsafls, jarðhita og fallvatns í eigu veitnanna og sveitarfélaganna, sem stofnfé. Vestfirskir sveitarstjórnarmenn fóru í fararbroddi í stjórn Orkubús Vestfjarða á meðan félagið var í meirihlutaeigu sveitarfélaganna og skipuðu þeir gjarnan meirihluta stjórnar. Eftir að ríkið keypti hlut sveitarfélaganna var stór hluti stjórnar oft skipaður sveitarstjórnarmönnum, þáverandi eða fyrrverandi. Vestfirðingar hafa áfram skipað meirihluta stjórnar félagsins allt til þessa.

Ríkið lagði á sama hátt og sveitarfélögin, virkjanir sínar ásamt vatnsréttindum, flutningslínunum og öðrum eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum á þeim tíma, inn sem sitt stofnfé í félagið í upphafi. Árið 2001 var síðan stofnað opinbert hlutafélag um rekstur Orkubús Vestfjarða, en Orkubú Vestfjarða ohf var stofnað þann 1. júní 2001. Eignarhaldið var óbreytt í upphafi, en sveitarfélögin seldu síðar allan sinn hlut til ríkisins sem á öll hlutabréfin í fyrirtækinu í dag.

Rekstur

Rekstur Orkubús Vestfjarða skilaði 174 mkr hagnaði á árinu 2017 í samanborði við 96 milljónir króna árið 2016. Framlegð, EBITDA, jókst um 126 mkr og var 613 m.kr. Aukinn hagnaður skýrist annarsvegar af auknum tekjum en hinsvegar af því að launakostnaður stendur nánast í stað á milli ára, hækkar um 0,4% á sama tíma og meðalvísitala launa í veitustarfsemi hækkaði um 5,1% á milli ára. Á árinu var fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 667 m.kr. Heildarskuldir félagsins hækkuðu um 228 m.kr á milli ára. Fjárhagur félagsins er traustur og er eigið fé þess 5.888 m.kr.

Framkvæmdir

Framkvæmdir við jarðstrengjavæðingu víða um Vestfirði héldu áfram á árinu og einnig var settur upp nýr 15 MVA vélaspennir í Mjólka. Jarðstrengur var lagður að væntanlegum jarðgangamunna í Dýrafirði, en strengurinn verður síðan framlengdur um Dýrafjarðargöng í Mjólka. Strengurinn verður nýttur til afhendingar raforku fyrir búnaðinn í jarðgöngunum þegar þau verða fullkláruð, en mun jafnframt nýtast sem varaleið fyrir Þingeyri. Unnið var að endurbótum á stíflugarði Fossavatnsstíflu. Þá var jarðhitasvæðið á Reykhólum afkastamælt og sótt um aukið nýtingarleyfi vegna aukins áhuga á nýtingu jarðhitans á svæðinu.

Framleiðsla

Eigin raforkuframleiðsla Orkubús Vestfjarða á raforku jókst um 6% á milli ára og var 96 GWst samanborði við 90 GWst árið á undan. Þar munar mest um aukningu framleiðslu Mjólkár um 5,5 GWst.

Framleiðsla varaafsstöðva Orkubúsins dróst hinsvegar saman um 39% frá árinu á undan sem verður að telja jákvæða þróun. Framleiðsla varaafsstöðvanna var 0,4 GWst sem er innan við 0,2% af heildarorkuöflun Orkubúsins. Heildarorkuöflun nam 251 GWst á árinu 2017. Orkunotkun kyndistöðva nam samtals 85 GWst á árinu. Eigin orkuöflun nam samtals 110 GWst eða 43% af heildarorkuöflun.



Frá kynningu á nýrri heimasíðu

Ný ásjón

Ákveðið var að láta hanna nýja heimasíðu fyrir Orkubúið í tilefni af 40 ára afmæli félagsins. Aukin snjalltækjavæðing almennings var höfð að leiðarljósi við gerð síðunnar og er virkni hennar því mjög góð í snjallsímum. Stjórn fyrirtækisins tók svo ákvörðun um að uppfæra merki félagsins og leit það dagsins ljós sama dag og ný heimasíða var kynnt almenningi. Merkið er náskyldt gamla merkinu en breytingarnar gera það einfaldara, sterkara og heilsteypara. Litur merkisins skírskotar vel til hreinleika orkunnar sem Orkubúið framleiðir og dreifir, en það er í björtum, bláum og hlýjum lit sem minnir á regnvatnið sem fellur og er nýtt á vatnshverfla til orkuframleiðslu.

Mannauður

Mannauður í fyrirtækjum verður seint metinn til fjár. Orkubúið hefur í gegnum tíðina búið að því að hafa öflugt starfsfólk á öllum sviðum sem hefur skilað góðu starfi. Margir starfsmenn hafa varið stærstum hluta sinnar starfsævi hjá fyrirtækinu og enn eru starfsmenn í starfi sem hafa starfað hjá Orkubúinu frá upphafi. Núverandi og fyrrverandi starfsmönnum eru færðar bestu þakkir fyrir góð störf í þágu fyrirtækisins í 40 ár.

Eliás Jónatansson,
orkubússtjóri

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Í fjörotú á hefur Orkubú Vestfjarða verið megin orku-fyrirtæki Vestfjarða, og með styrkum rekstri verður það svo um ókomna tíð. Árið 2017 var afkoma Orkubús Vestfjarða talsvert betri en árin þar á undan, en hagnaður ársins nam 174 m. kr. og jókst um 78 m.kr. milli ára. Þó þarf að gera betur og því er mikilvægt að áfram verði unnið að því að bæta rekstur félagsins og afkomu þess.

Orkubú Vestfjarða er háð kaupum raforku af öðrum til að þjónusta viðskiptavini. Umrád vatnsréttinda sem hagkvæmt er að virkja eru forsenda vaxtar orkuframleiðslu-fyrirtækis. Gengi orkuframleiðslu Orkubúsins kemur skýrt fram í rekstrarafkomu á hverjum tíma. Góð ár við framleiðslu raforku skila góðri rekstrarafkomu Orkubúsins, og styrkari stöðu á samkeppnismarkaði raforkusölu.

Orkubúið hefur ekki náð að auka framleiðslugetu sína nægilega um nokkurn tíma með nýjum virkjunum. Vissulega hefur Mjólkárviðskun verið stækkuð og ný Fossárvirkjun verið byggð í stað Engidalsvirkjunar, en æskilegt væri að Orkubúið hefði yfir að ráða frekari raforkuframleiðslukostum til að geta sjálft framleitt þá forgangorku sem það selur. Þar hefur fyrst og fremst verið um að kenna að hagkvæmir virkjanakostir eru fáir en einnig að Orkubúið hefur til þessa getað keypt orku af öðrum á hagstæðara verði en með nýjum virkjanakostum. Nýting slíkra kosta hefði leitt til hærra orkuverðs til neytenda. Eins hefur barátta um vatnsréttindi haft áhrif, enda ekki forvaranlegt að leggja mikla fjármuni í rannsóknir virkjanakosta sem ekki eru í hendi. Hugsanlega hefur Orkubúið ekki lesið rétt í langtímaþróun raforkumarkaðarins, og þannig ekki staðið sig í að tryggja sér mögulega virkjanakosti innan Vestfjarða, eins og t.d. Hvalárvirkjun. Á hinn bóginn gæti Hvalárvirkjun, ef af verður, nýst Orkubúinu og þar með Vestfirðingum, að því gefnu að Orkubúið geti tryggt sér hluta af raforkuframleiðslu hennar, með öruggum flutningi inn á megin starfssvæði sitt.

Mikil þróun er á íslenskum raforkumarkaði. Virkjunar-aðilum og seljendum orku hefur fjölgað. Sprottið hafa upp ný fyrirtæki sem miðla til annara orkusölu-fyrirtækja eða til orkunotenda. Þetta felur í sér áskoranir fyrir Orkubúið, en jafnframt ný tækifæri sem þarf að virkja.

Í ársskýrslu Orkubús Vestfjarða árið 2011 skrifaði ég: „Orkubú Vestfjarða vill styðja við byggðir á starfssvæði sínu. Því mun félagið auka fagmennsku og þekkingu starfsfólks og efla öryggi á öllum sviðum og leita nýrra lausna í þjónustu bæði við fyrirtæki og heimili. Orkubú Vestfjarða mun halda áfram fjárfestingum til tryggingar raforku og hita, þannig að atvinnulíf og mannlíf á Vestfirðum geti byggst upp. En jafnframt hyggst Orkubúið, með stuðningi við samfélagsverkefni sem íbúar fást við, leggja sitt að mörkum til að bæta lífsskilyrði og mannlíf á starfssvæði sínu.“

Og hvað hefur verið gert?

Orkubúið hefur byggt nýja virkjun Fossárvirkjun og stækkað Mjólkárviðskun.

Orkubúið hefur unnið að bættum samskiptum við við-

skiptavini, þar með talið með bættri upplýsingagjöf um heimasíðu, mínar síður og samfélagsmiðla og með því að smíða öpp svo viðskiptavinir fái upplýsingar beint í símann í takt við kröfur nútímans.

Orkubúið hefur lagt í gífurlegar fjárfestingar í dreifikerfinu, í þrífösun, í strenglagningum sem bæta þjónustu við viðskiptavini og tryggja betur raforkuöryggi. Hluti af þessum verkefnum hafa falið í sér að Orkubúið hefur tekið þátt í ljósleiðaravæðingu Vestfjarða sem er forsenda gagnöryggis og nútíma samskipta.

Orkubúið hefur lagt talsverða fjármuni til samfélagsins, í formi samfélagsstyrkja til uppbyggingar björgunarsveita, ýmiskonar félagsstarf, til Íþróttafélaga og eins hefur Orkubúið styrkt stærstu viðburði á Vestfirðum s.s. Aldrei fór ég suður, Fossavatnsgöngu og Skjaldborgarhátíð.

Orkubúið hefur unnið starfsmannastefnu sem listar upp áherslur til eflingar mannauðs fyrirtækisins, þannig að starfsmenn séu betur í stakk búnir til að takast á traustan hátt við verkefni sín og þjónusta viðskiptavini betur.

Mögulega hafa einhverjar þessara aðgerða skilað sér til íbúa á þjónustusvæðinu. Þannig eru t.d. jákvæðar breytingar sem koma fram í þjónustukönnun sem Gallup hefur gert fyrir Orkubúið. Þeim sem eru neikvæðir gagnvart Orkubú Vestfjarða fækkar um því sem næst helming milli ára, úr 23,3% í 12,6% og hafa ekki verið færri þau ár sem könnunin nær til. Á sama tíma fjölgar þeim sem eru jákvæðir gagnvart Orkubú Vestfjarða úr 48,5% í 56,2%.

Gjaldskrá orkufyrirtækja er flókin og hefur Orkubúið reynt að skýra fyrir notendum forsendur, eins og að það bjóði lægsta almenna raforkuverð í smásölu og að gjaldskrá dreifingar sé lægri en raforkulög heimili fyrirtækisins. Þetta virðist skila sér, því þeim sem telja að verðlagning þjónustu Orkubús Vestfjarða sé frekar eða mjög ósanngjörn fækkar úr 62,7% í 52,6%.

Mikilvægi Orkubús Vestfjarða fyrir samfélagið er metið hærra í könnun Gallup en nokkru sinni fyrr. Þannig telja 91,8% þátttakenda Orkubúið frekar eða mjög mikilvægt fyrir vestfirskt samfélag sem er tæplega 3 prósentustigum hærra en það hefur verið mælt á fyrri árum.

Því má segja að í hugum almennings á Vestfirðum séu viðhorf til Orkubús Vestfjarða á 40 ára afmæli félagsins, mjög jákvæð í sögulegu samhengi. Það er vel, þótt að Orkubúið megi halda áfram að vinna betur í þeim efnum.

Vonandi skila þessi viðhorf íbúa sér í því að nýjar sveitarstjórnir sem kosnar verði til forystu á Vestfirðum í vor, leggjast á eitt með Orkubú Vestfjarða í eflingu fyrirtækisins, vestfirsku samfélagi til heilla.

Stjórnarmönnum færi ég þakkar fyrir góð samskipti og störf á árinu, en sérstaklega þakka ég Orkubússtjóra og öllum starfsmönnum Orkubús Vestfjarða vel unnin störf og ánægjuleg samskipti undanfarið ár. Framlag þeirra og metnaður fyrir hönd Orkubúsins og Vestfjarða er mikilvægasta orkuauðlind fyrirtækisins.

**Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða**



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2017



Starfsmenn OV tengja háspennustreng

Orkusvið

Unnið var við endurbætur á Fossavatnsstíflu í Engidal með grjótvörn og fylling lagfærð á stíflugörðum. Lokið var við uppsetningu á pípubrotsloka og öðrum endurbótum á inntaksmannvirkjum.

Unnið var við frágang á stöðvarhúsinu í Mjólka eftir vélaskipti 2016. Unnið var að leyfisveitingum fyrir Hófsárveitu efri sem bætir miðlunarleysi Mjólkár I og III.

Jarðhitasvæðið á Reykhólum var afkastamælt og í framhaldinu var skoðað hvernig skuli staðið að afhendingu á jarðhitavatni til nýrra stórnotenda.

Veitusvið

Jarðstrengur var lagður frá Skeiði í Dýrafirði að væntanlegum jarðgangamunna Dýrafjarðarganga. Þessi jarðstrengur mun sjá gangaframkvæmdum Dýrafjarðarmegin fyrir rafmagni á framkvæmdatíma. Þegar göngin verða fullkláruð mun strengurinn tengjast í Mjólkárveitu ásamt því að þjónusta jarðgöngin.

Sveitalínan, sem þjónar innanverðum Dýrafirði, frá Skeiði að Lambadal, var endurnýjuð með þriggja fasa jarðstreng inn að Dýrafjarðarbrú.

Vinnuheimtaug fyrir Dýrafjarðargöng var tengd við gangamunna í Arnarfirði.

Nýr vélaspennir 15 MVA var settur upp í Mjólka. Spennir á Bíldudal var endurnýjaður og stækkaður.

Tvær nýjar smávirkanir voru tengdar við dreifikerfið í Öndarfirði.

Rauðasandslína var tengd í nýtt rofahús á Patreksfirði og búnaður í spennistöð á Stekkum á Patreksfirði var endurnýjaður. Haldið var áfram að bæta dreifikerfið með jarðstrengjum.

Plægðir voru jarðstrengir í hluta af Ísafjarðardjúpi, Reykhólahreppi og Strandabyggð. Einnig var unnið að frágangi nýrra jarðstrengja á Barðaströnd.

Rofahús var endurnýjað við Ögurnes eftir að eldra húsið brann. Dreifikerfi hitaveitu var stækkað á Urðarvegi á Ísafirði.

Orkusvið

Unnið verður að síðasta áfanga á grjótvörn Fossavatnsstíflunnar. Gömul inntaksmannvirki verða fjarlægð og rist endurnýjuð.

Unnið verður við að ljúka frágangi á stöðvarhúsi og lóð í Mjólka. Fyrsti áfangi var unnin á Hofsráveitu efri sem er yfirfall úr Grímsvatni (577 metrum y.s.).

Framhald borunar á hitastigulsholum á Laugum í Súgandafirði. Niðurstaða á borunum verður metin með það fyrir augum að kanna fýsileika þess að bora nýja vinnsluholu sem gæti orðið til þess að Suðureyri yrði sjálfbær með jarðhita.

Unnið verður að rannsóknaráætlun á jarðhitaleit þar sem rafkyntar hitaveitur eru með þau markmið að minnka þörf á að nýta skerðanlega orku inná rafkatla kyndistöðvanna. Reglir verður endurnýjaður fyrir rafketil á Ísafirði ásamt því að komið verður á fjarstýringu.

Veitusvið

Farið verður í endurnýjun hitaveitulagnar og háspennustrengja í Pollgötu á Ísafirði.

Hannað verður dreifikerfi hita og rafmagns fyrir nýtt iðnaðarhverfi í Suðurtanga á Ísafirði.

Arnardalslína verður endurnýjuð og verður í lok sumars öll fædd með þriggja fasa jarðstreng.

Unnið verður að því að auka sjálfvirkni við stýringu kyndistöðva gegnum fjargæslu.

Settar verða upp og tengdar tvær nýjar hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla á Hólmavík og á Patreksfirði.

Bíldudalslína verður spennuhækkuð í 66 kV vegna aflaukningar á Bíldadal. Auk þess verða háspennurofar endurnýjaðir við Hafnartorg á Bíldadal.

Jarðstrengur á Barðaströnd verður framlengdur frá Brjánslæk að fiskeldisstöð við Þverá.

Tengdur verður nýr 11/19 kV spennir á Hólmavík. Háspennurofar verða endurnýjaðir og hluti notenda á jarðstreng norðan Bitru tengdir. Sett verður rofahús inn á Hrutafjarðarstreng. Sæstrengur yfir Skötufjörð verður endurnýjaður.

Til skoðunar verður að setja háspennustreng yfir Bjarnarfjarðarháls og einnig með hvaða hætti hægt verður að auka við varaafli á Patreksfirði. Eins verður skoðað að plægja streng frá Hvestu í Arnarfirði í Bakkadal.




Veituflokkur við Pollgötu á Ísafirði

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2017	Breyting frá 1.12.2016	Íbúatala 1.12.2016	Breyting frá 1.12.2015
Svæði I				
Bolungarvík	908	-4	912	8
Ísafjarðarbær	3.608	-6	3.614	-3
Súðavíkurbær	186	0	186	-5
Samtals svæði I	4.702	-10	4.712	0
Svæði II				
Tálknafjarðarhreppur	236	0	236	-32
Vesturbyggð	1.030	-4	1.034	18
Samtals svæði II	1.266	-4	1.270	-14
Svæði III				
Árneshreppur	46	0	46	-9
Bæjarhreppur	90	0	90	0
Kaldrananeshreppur	106	3	103	3
Reykholahreppur	282	6	276	13
Strandabyggð	468	0	468	0
Samtals svæði III	992	9	983	7
Vestfirðir samtals	6.960	-5	6.965	-7

Heimild: Hagstofa Íslands

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2017





Patreksfjörður

ÁRSREIKNINGUR 2017



ORKUBÚ VESTFJARÐA



Mjólkárverkjun

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	13
Áritun óháðra endurskoðenda	14-15
Rekstrarreikningur	16
Efnahagsreikningur	17
Yfirlit um sjóðstreymi	18
Skýringar	19-25
Starfsþáttayfirlit (óendurskoðað)	26-27

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Tilgangur Orkubús Vestfjarða ohf. skv. lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001 er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2017 nam hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. 174,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2017 voru alls 8.493 millj. kr. og heildarskuldir alls 2.605 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.888 millj. kr. sem er um 69 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar. Í árslok 2017 voru 70 stöðugildi hjá félaginu.

Hlutafé félagsins nam í árslok 3.050 millj. kr. og er allt í eigu Ríkissjóðs Íslands.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður á árinu 2018 að fjárhæð 60 milljónum króna til hluthafa.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2017, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2017.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2018

Í stjórn

Viðar Helgason
stjórnarformaður

Halla Signý Kristjánsdóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Daníel Jakobsson

Guðrún Anna Finnbogadóttir

Orkubússtjóri

Elías Jónatansson

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 22. mars 2018

Endurskoðendapjónustan ehf

Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Sala	16	2.603.491	2.421.690
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara	(1.047.664)	(1.025.341)
Laun og launatengd gjöld	17	(825.018)	(822.753)
Annar rekstrarkostnaður	(117.497)	(86.376)
		(1.990.179)	(1.934.470)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		613.312	487.220
Afskriftir	20	(339.305)	(337.077)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		274.007	150.143
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur		14.385	36.674
Fjármagnsgjöld	(70.970)	(72.342)
	19	(56.585)	(35.668)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		217.422	114.475
Tekjuskattur	22	(43.355)	(18.007)
Hagnaður ársins	24	174.067	96.468

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Rekstrarfjármunir	20	7.496.414	7.168.874
Eignarhlutir í öðrum félögum	21	355.186	355.186
Fastafjármunir		<u>7.851.600</u>	<u>7.524.060</u>
Vörubirgðir	9	178.334	167.659
Viðskiptakröfur	23	344.654	335.631
Aðrar skammtímakröfur		117.163	104.441
Handbært fé	12	902	19.253
Veltufjármunir		<u>641.053</u>	<u>626.984</u>
Eignir samtals		<u><u>8.492.653</u></u>	<u><u>8.151.044</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		3.049.914	3.049.914
Lögbundinn varasjóður		1.016.637	1.016.637
Oráðstafað eigið fé		1.821.565	1.707.497
Eigið fé	24	<u>5.888.116</u>	<u>5.774.048</u>
Tekjuskattsskuldbinding	22	185.895	142.541
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	26	866.505	957.227
Lífeyrisskuldbinding	25	681.480	668.582
Langtímaskuldir		<u>1.547.985</u>	<u>1.625.809</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		178.753	195.337
Skuldir við lánastofnanir		384.965	120.000
Næstu árs afborganir langtímaskulda við lánastofnanir	26	108.202	106.359
Aðrar skammtímaskuldir		198.737	186.950
Skammtímaskuldir		<u>870.657</u>	<u>608.646</u>
Skuldir samtals		<u>2.604.537</u>	<u>2.376.996</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>8.492.653</u></u>	<u><u>8.151.044</u></u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	24	174.067	96.468
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	20	339.305	337.077
Söluhagnaður eigna	(316)	(4.696)
Verðbætur langtímaskulda		17.019	13.586
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		43.354	18.007
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	25	12.898	42.355
		<u>586.327</u>	<u>502.797</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun	(10.675)	15.573
Skammtímakröfur, hækkun	(21.745)	(2.795)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(4.797)	11.298
		<u>37.217</u>	<u>24.076</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda			
Handbært fé frá rekstri		<u>549.110</u>	<u>526.873</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	20	(667.174)	(715.571)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		645	5.927
		<u>666.529</u>	<u>709.644</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	1.050.000
Greiddur arður	24	(60.000)	(60.000)
Skammtímalán, breyting		264.966	(791.033)
Afborganir langtímalána		(105.898)	0
		<u>99.068</u>	<u>198.967</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á handbæru fé		(18.351)	16.196
Handbært fé í ársbyrjun		19.253	3.057
Handbært fé í árslok		902	19.253

1. Félagið

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Stakkanesi 1, Ísafirði og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Áhættustjórnun

Félagið er ekki með neina framvirka gjaldeyrisskiptasamninga, valréttta eða afleiðusamninga.

5. Skráning tekna

Tekjur af sölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Tengigjöld notenda námu alls 32,4 millj. króna á árinu 2017. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,25% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

6. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

8. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun.

8. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

9. Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. Ef gangvirði eignarhluta er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignarhlutann þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur hafa verið færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

12. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

13. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað ársins innifelur frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

15. Eignir utan efnahags

Við stofnun Orkubús Vestfjarða á árinu 1977 lögðu sveitarfélögin á Vestfjörðum og ríkið inn í félagið öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi. Í útgefnum afsölum sveitarfélaganna er það ennfremur sérstaklega tekið fram að þau afsali Orkubúi Vestfjarða öllum rétti til virkunar vatnsafls, jarðhita og fallvatns sem þau eiga eða kunna að eiga í löndum sínum eða annars staðar og þau kunna að hafa samið um. Náði afsal þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi félagsins og eru því eignir utan efnahagsreiknings.

16. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfsþáttum:

	2017	2016
Raforkusala	802.512	788.376
Raforkudreifing	1.022.455	925.892
Sala á heitu vatni	600.825	622.935
Tengigjöld	32.443	10.971
Aðrar tekjur	145.256	73.516
Samtals	<u>2.603.491</u>	<u>2.421.690</u>

17. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	696.508	687.341
Launatengd gjöld	155.743	149.710
	<u>852.251</u>	<u>837.051</u>

Lífeyrisskuldbinding	44.266	74.489
Dagpeningar	26.120	28.590
Bifreiðastyrkur	35.900	35.068
Eignfærð laun og launatengd gjöld	(133.519)	(152.445)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals	<u>825.018</u>	<u>822.753</u>

Stöðugildi í árslok	70	70
---------------------------	----	----

Laun stjórnar, orkubússtjóra og þriggja framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2017	2016
Laun stjórnar	8.844	8.340
Laun orkubússtjóra (tveir á árinu 2016)	18.009	26.623
Laun framkvæmdastjóra	44.823	42.661
	<u>71.676</u>	<u>77.624</u>

18. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

	2017	2016
Endurskoðun ársreiknings	3.031	3.214
Önnur þjónusta	916	1.087
Þóknun til endurskoðanda samtals	<u>3.947</u>	<u>4.301</u>

19. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2017	2016
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	948	1.875
Arður af hlutabréfaeign	667	24.458
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	12.770	10.341
	14.385	36.674
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir af skuldum við lánastofnanir	(70.862)	(72.208)
Önnur vaxtagjöld	(108)	(134)
	(70.970)	(72.342)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(56.585)	(35.668)

20. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Raforkukerfi Orkuver	Raforkukerfi Veitukerfi	Hitaveitukerfi
Kostnaðarverð 1.1.2017	4.409.706	6.462.389	1.564.217
Eignfært á árinu	29.153	556.675	17.871
Selt og aflagt á árinu	(5.299)	(7.628)	
Kostnaðarverð 31.12.2017	4.433.560	7.011.436	1.582.088
Afskrifað 1.1.2017	2.213.689	3.015.691	1.246.133
Afskrift ársins	70.949	152.574	18.872
Selt og aflagt á árinu	(5.299)	(7.628)	
Afskrifað 31.12.2017	2.279.339	3.160.637	1.265.005
Bókfært verð 31.12.2016	2.196.017	3.446.698	318.085
Bókfært verð 31.12.2017	2.154.221	3.850.799	317.083
Afskriftahlutföll	1,67-5%	3,3-4,0%	4,0-10,0%
	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð 1.1.2017	1.616.971	592.268	14.645.551
Keypt á árinu	23.266	40.209	667.174
Selt og aflagt á árinu		(38.716)	(51.643)
Kostnaðarverð 31.12.2017	1.640.237	593.761	15.261.082
Afskrifað 1.1.2017	625.212	375.952	7.476.677
Afskrift ársins	27.865	69.045	339.305
Selt og aflagt á árinu		(38.387)	(51.314)
Afskrifað 31.12.2017	653.077	406.610	7.764.668
Bókfært verð 31.12.2016	991.759	216.315	7.168.874
Bókfært verð 31.12.2017	987.160	187.151	7.496.414
Afskriftahlutföll	2%	20%	

20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar. Í framkvæmdakostnaði eru 59,4 millj. kr. vegna útteilingar á sameiginlegum rekstrarkostnaði og 133,5 millj. kr. vegna eignfærðra launa.

Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Orkuver og kyndistöðvar	401.908	1.313.940
Aðrar byggingar	393.950	1.239.927

Váttryggingafárhæð annarra eigna en fasteigna er um 2,1 milljarðar kr. Váttryggingarfjárhæð viðlagatryggingar rekstrarfjármuna nam 19,3 milljarðar kr. í árslok 2017.

21. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Netorka hf.	5%	492	1.847
Landsnet hf.	6%	352.725	352.725
Dalsorka ehf.	10%	444	444
Vesturorka ehf.	12%	60	60
Landsvarmi ehf.	18%	90	110
Bókfært verð í árslok			355.186

Allir áhættufjármunir eru metnir á kostnaðarverði. Eigið fé Landsnets eru um 35,4 milljarðar kr. Hlutdeild Orkubús Vestfjarða ohf. í eigin fé Landsnet er 2,1 milljarðar kr.

22. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 43,4 millj. króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2018 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

		2017		2016
Hagnaður fyrir skatta		217.422		114.475
Skatthlutfall	20,0%	43.485	20,0%	22.896
Fenginn arður	-0,1% (133)	-4,3% (4.892)
Aðrir liðir	0,0%	3	0,0%	3
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	19,9%	43.355	15,7%	18.007

22. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	(142.541)	(124.534)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	(43.355)	(18.007)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>(185.896)</u>	<u>(142.541)</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(255.845)	(203.525)
Viðskiptakröfur	11.031	9.964
Aðrir efnahagsliðir	1	10
Yfirfæranlegt skattalegt tap	58.917	51.010
	<u>(185.896)</u>	<u>(142.541)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

Yfirfæranlegt tap ársins 2010, nýtanlegt til 2020	116.314	115.176
Yfirfæranlegt tap ársins 2012, nýtanlegt til 2022	47.375	47.375
Yfirfæranlegt tap ársins 2013, nýtanlegt til 2023	92.497	92.497
Yfirfæranlegt tap ársins 2016, nýtanlegt til 2026	38.401	0
	<u>294.587</u>	<u>255.048</u>

23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Viðskiptakröfur	399.809	385.451
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(55.155)	(49.820)
	<u>344.654</u>	<u>335.631</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	(49.820)	(46.769)
Tapaðar kröfur á árinu	3.009	6.117
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	(8.344)	(9.168)
Niðurfærsla í árslok	<u>(55.155)</u>	<u>(49.820)</u>

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

24. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur alls 3.050 millj. króna og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	3.049.914	1.016.637	1.707.497	5.774.048
Greiddur arður			(60.000)	(60.000)
Hagnaður ársins			174.067	174.067
Eigið fé 31.12.2017	<u>3.049.914</u>	<u>1.016.637</u>	<u>1.821.565</u>	<u>5.888.116</u>

25. Lífeyrisskuldbinding

Á Orkubúi Vestfjarða ohf. hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna félagsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins B-deild. Vegna þessa hefur verið færð lífeyrisskuldbinding í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er færð samkvæmt tryggingafræðilegu mati á reikningskiladegi.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	668.582	626.227
Greiddar lífeyrisskuldbindingar	(31.367)	(32.134)
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindingar	44.265	74.489
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>681.480</u>	<u>668.582</u>

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1. júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega.

26. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:

	31.12.2017	31.12.2016
Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	974.707	1.063.586
Næsta árs afborganir	(108.202)	(106.359)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>866.505</u>	<u>957.227</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu tímabil:

Árið 2017	-	106.359
Árið 2018	108.202	106.359
Árið 2019	108.202	106.359
Árið 2020	108.202	106.359
Árið 2021	108.202	106.359
Árið 2022	108.202	106.359
Síðar	325.495	319.073
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>866.505</u>	<u>957.227</u>

Engin veð hvíla á eignum félagsins vegna skulda við lánastofnanir.

STARFSÞÁTTAYFIRLIT (ÓENDURSKOÐAÐ)

Starfsþættir

Starfssvæði Orkubús Vestfjarða ohf. er að mestu Vestfirðir. Fyrirtækið skiptist niður í fjóra starfsþætti en þeir eru dreifing og flutningur, raforkuframleiðsla og sala, hitaveita og önnur þjónusta.

Dreifing er bæði flutningur og dreifing raforku. Þessi þáttur í starfsemi félagsins er ekki í samkeppnisrekstri og ræður Orkustofnun allri gjaldtöku.

Framleiðsla er bæði framleiðsla og sala raforku sem nær til alls landsins.

Hitaveita er allur hitaveiturekstur félagsins.




Önnur þjónusta er öll önnur starfssemi svo sem sala á þjónustu vegna flutningslína, viðgerðir vegna tjóna og önnur tilfallandi verk.

Rekstrarstarfsþættir Árið 2017	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstrartekjur	1.355.876	1.474.081	602.378	42.930	3.475.265
Tekjur milli starfsþátta	(183.982)	(690.460)	0	2.668	(871.774)
	<u>1.171.894</u>	<u>783.621</u>	<u>602.378</u>	<u>45.598</u>	<u>2.603.491</u>
Rekst.afkoma starfsþátta ..	363.899	228.099	16.894	4.420	613.312
Afskriftir	190.089	110.188	36.934	2.094	339.305
Rekstrarhagnaður	173.810	117.911	(20.040)	2.326	274.007
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld					(56.585)
Tekjuskattur					(43.355)
Hagnaður ársins					<u>174.067</u>
Ávöxtun á eignir	4,2%	4,0%	-4,7%		3,2%
Efnahagur					
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	4.150.097	2.914.270	429.621	2.426	7.496.414
Óskiptar eignir					996.239
Eignir samtals					<u>8.492.653</u>
Óskiptar skuldir					<u>2.604.537</u>




Rekstrarstarfsþættir Árið 2016	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstrartekjur	1.114.836	1.397.749	624.502	64.624	3.201.711
Tekjur milli starfsþátta	(162.095)	(626.817)	0	8.892	(780.020)
	952.741	770.932	624.502	73.516	2.421.691
Rekst.afkoma starfsþátta ..	261.105	191.625	28.548	5.942	487.220
Afskriftir	164.008	134.970	38.099	0	337.077
Rekstrarhagnaður	97.097	56.655	(9.551)	5.942	150.143
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld					(35.668)
Tekjuskattur					(18.007)
Hagnaður ársins					96.468
Ávöxtun á eignir	2,6%	1,9%	-2,2%		1,8%
Efnahagur					
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	3.765.526	2.959.733	439.094	4.521	7.168.874
Óskiptar eignir					982.170
Eignir samtals					8.151.044
Óskiptar skuldir					2.376.996

REKSTRARTRUFLANIR 2017



Bilanir í hitaveitukerfum árið 2017 voru samtals 19 en voru 24 árið áður. Í rafveitukerfinu voru skráðar 189 truflanir en voru 225 árið áður.



Skipting raforkukerfisins niður í hluta sem notaðir eru við skráningu rekstrartruflana.



RAFORKUKERFI VESTFJARÐA




	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2017 MWst	Framleiðsla 2016 MWst
Ísafjörður	4.760	10	51
Súðavík	1.550	15	78
Suðureyri	700	2	2
Flateyri	420	5	1
Þingeyri	1.950	25	68
Samtals svæði I	9.380	57	200
Bíldudalur	1.150	38	73
Patreksfjörður	4.150	86	177
Flatey	112	211	189
Samtals svæði II	5.412	335	439
Reykhólar	700	4	5
Hólmavík	1.250	19	24
Dranganes	420	1	0
Samtals svæði III	2.370	24	29
Reykjanes	641	2	16
Samtals svæði IIII	641	2	16
Alls	17.803	418	684



Þorsteinn Sigfússon á Skarðshlíð í Skötufirði

VATNSAFLSVIRKJANIR

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla		Meðaltal 2006-17 MWst	Breyting % 2017 miðað við meðaltal 2016	
		2017 MWst	2016 MWst			
Mjólkárverkjun	11.200	73.242	67.662	64.711	13,18	8,25
Þverárverkjun	2.200	6.635	6.164	6.533	1,56	7,64
Nónverkjun	500	1.491	1.258	1.177	26,68	18,52
Fossárverkjun	1.200	5.025	5.771	4.004	25,50	-12,93
Tungudalsverkjun	700	4.924	5.109	4.910	0,29	-3,62
Reiðhjallavirkjun	520	1.855	1.854	1.923	-3,54	0,05
Blævardalsárverkjun	300	1.618	1.522	1.441	12,28	6,31
Mýrarárverkjun	60	374	366	302	23,84	2,19
Samtals eigin virkjanir	16.680	95.164	89.706	85.001	11,96	6,08
Bændavirkjanir	3.436	18.419	16.995	15.882	15,97	8,38
Samtals virkjanir á Vestfjörðum	20.116	113.583	106.701	100.883	12,59	6,45



	Árið 2017 – Orkunotkun							2016
	Uppsett afl		Afltoppur				Orkunotkun	
	Olíufatla MW	Raforka MW	Raforka MW	Olía MWst	Raforka MWst	Borholur MWst	Samtals MWst	Samtals MWst
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	7,12	704	37.655		38.359	36.861
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	2,4	1,48	74	7.210		7.284	6.897
Bolungarvík	3,0	3,0	2,52	128	12.564		12.692	12.496
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,62	204	14.095		14.299	14.043
Flateyri	2,0	1,2	1,11	72	5.517		5.589	5.478
Suðureyri	3,0	1,2	0,94	44	5.511	1.313	6.868	6.605
Samtals	24,0	20,8	15,79	1.226	82.552	1.313	85.091	82.380



Kyndistöðin á Patreksfirði

ORKUÖFLUN

	Orkuöflun 2017 MWst	Hlutdeild í heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2016 MWst	Mismunur '17-'16 %
Vatnsaflsvirkjanir	95.164	36,72	89.706	6,08
Díselrafstöðvar	418	0,16	684	-38,89
Olúkatlar	1.226	0,47	1.954	-37,26
Jarðhiti *)	13.507	5,21	14.105	-4,24
Samtals eigin vinnsla	110.315	42,57	106.449	3,63
Forgangsorka	40.890	15,78	42.493	-3,77
Raforka til hitunar	86.109	33,23	82.105	4,88
Jöfnunarorka	3.416	1,32	3.028	12,81
Forgangsorka frá bændavirkjunum	18.420	7,11	16.995	8,38
Samtals orkukaup	148.835	57,43	144.621	2,91
Orkuöflun v/raforkusölu	161.866	62,46	156.323	3,55
Orkuöflun v/hitaveitusölu	97.284	37,54	94.747	2,68
Heildarorkuöflun	259.150		251.070	3,22

*) Áætlað


Orkuöflun vegna hitaveitusölu 2017
Samtals 97,3 GWst



Eigin vinnsla 15,1%

Orkukaup 84,9%

Orkuöflun vegna raforkusölu 2017
Samtals 161,9 GWst



Eigin vinnsla 59,0%


Orkukaup 41,0%

Gjaldskrár- liður	Heiti	Mæla- fjöldi	MWst 2017	MWst 2016	Mismunur '17 - '16 %
A1	Almenn notkun	3.241	41.472	40.974	1,22
A3	Utanhússlýsing *)		1.880	1.879	0,05
A4	Blönduð notkun (hiti ekki sérmældur ***)	1.644	42.704	43.228	-1,21
B1	Aflmæling	67	23.506	22.549	4,24
B13	Skerðanlegur flutningur	9	30.135	26.105	15,44
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis ***)	96	3.669	3.926	-6,55
D1	Hitun, annað	127	5.453	5.635	-3,23
D3	Varmadætur	2	733	785	-6,62
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **)	1.216	42.796	45.544	-6,03
H498	Hitaveita, stórnótnendur **)	19	22.875	24.188	-5,43
H48	Hitaveita, annað	226	13.035	15.094	-13,64
	Samtals	6.647	228.258	229.907	-0,72


*) Notkun áætluð miðað við 4.200 nýtingartíma.

***) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWst og á Reykhólum 52 kWst úr m3 vatns.


***) Unnið er að breytingum á rafhitamælingu. Settur er upp einn mælir og notkun skipt 85% hiti og 15% almenn notkun



Skipting orkudreifingar 1978 – 2017



Próun orkuverðs 1992-2017





Við Brekkuvelli á Barðaströnd

Háspennt dreifikerfi

	Línur	Strengir	
66 kV	m	13.349	0
33 kV	m	78.746	4.632
19 kV	m	138.600	94.138
11 kV	m	379.619	324.249
6 kV	m	46.286	23.249
		<u>656.600</u>	<u>446.268</u>
		Samtals	<u>1.102.868</u>

Spennar

Dreifispennar	stk.	885
Aflspennar	stk.	67

Aflrofar

66 kV	stk.	2
33 kV	stk.	10
19 kV	stk.	34
11 kV	stk.	310
6 kV	stk.	3
	Samtals	<u>359</u>

Götulýsing

Ljósastólpar	stk.	2.616
Ljósþúnaður	stk.	2.813
Útilýsing uppsett afl	kW	411



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stakkanesi 1 • 400 Ísafjörður

Sími: 450 3211 • Fax: 456 3204

Netfang: orkubu@ov.is • Heimasíða: www.ov.is